

Ávarp rektors Háskóla Íslands, Jóns Atla Benediktssonar, við frumsýningu myndarinnar Hinn stóri samhljómur sandsins, 24. sept. 2021

Góðir gestir.

Í nýrri stefnu Háskóla Íslands leitum við lausna við brýnum áskorunum samtímans og framtíðarinnar. Samkvæmt stefnunni mun metnaðarfull þekkingarsköpun við skólann styðja samfélagið við að takast á við fjölþætt viðfangsefni á borð við umhverfisbreytingar og loftslagsvá. Þetta tvennt getur haft veruleg áhrif á lífríki og samfélög okkar á næstu áratugum.

Í myndinni sem verður frumsýnd hér á eftir - **Hinn stóri samhljómur sandsins** - er sjónum einmitt beint að áhrifum loftslagsbreytinga á jökla. Myndin er eftir Þorvarð Árnason, forstöðumann rannsóknaseturs Háskóla Íslands á Hornafirði og Gunnlaug Þór Pálsson kvikmyndagerðarmann en stjórn upptöku var í höndum Ólafs Rögnvaldssonar.

Heimildarmyndin sjálf fjallar um svæði sem við þekkjum flest, Breiðamerkursand og Breiðamerkurjökul en sjónarhornið tengist jarðvísindum, landslagsfræði, þrívíddarhönnun og vídeólist.

Linsunni er beint að landsvæði sem er þekkt fyrir sérstæða fegurð en það skartar meðal annars Jökulsárlóni og Fjallsárlóni. Á þessu svæði blasa áhrif lofslagsbreytinga við en Breiðamerkurjökull er fjórði stærsti skriðjökull landsins og sá þeirra sem hefur bráðnað hraðast og mest á undanförunum áratugum. Jökulsárlónið sjálft, sem er einn vinsælasti viðkomustaður ferðafólks hérlendis, var varla til fyrir tæpri öld.

Vísindamaðurinn Þorvarður Árnason sem hér situr hefur farið nýstárlegar leiðir í rannsóknum sínum og ekki hvað síst í miðlun á niðurstöðum þeirra. Þar hefur hann oft notað snjallmiðlun og helgað sig alls kyns formi ljósmyndunar, notað hefðbundnar ljósmyndir, kvikmyndir og skeiðmyndir, ekki síst til að sýna þróun yfir tíma. Sú

aðferð hefur skilað mjög miklu þegar sýndar eru breytingar á bráðnandi jöklum og á landslagi sem kemur undan þeim þegar þeir hropa.

Í nýju stefnunni okkar leggjum við áherslu á fjölga milliliðalausum leiðum vísindafólks til samtals við samfélagið. Hér er Þorvarður svo sannarlega á heimavelli. Sú leið að birta rannsóknir og niðurstöður þeirra í formi kvikmynda, sem ætlaðar eru öllum, jafnt vísindafólki og almenningi, er svo sannarlega án milliliða og á greiða leið út á Internetið. Þessi leið sem Þorvarður fetar er einnig líklegri en margt til að auka traust á vísindum og gera jákvæð áhrif þeirra á samfélagið enn sýnilegri.

Háskóli Íslands leggur mikinn þunga á öflugt samstarf við samfélög utan höfuðborgarsvæðisins og það er verulega ánægjulegt að sjá hversu framsækið starfið er á vegum skólans á Höfn í Hornafirði.

Kvikmyndagerðarmaðurinn Gunnlaugur Þór Pálsson sem er hér einnig í Hátíðasal vakti mikla athygli fyrir heimildarmynd sína „Jöklaland: Veröld breytinga“ sem var einmitt frumsýnd í Háskóla Íslands árið 2016. Í þeirri heimildamynd ræddi hann við fjölda vísindamanna við skólann um þær miklu sviptingar sem eiga sér stað í veröld jöklanna.

Ólafur Rögnvaldsson, sem er þriðji lykilsmiður myndarinnar, er reyndur kvikmyndagerðarmaður og hefur t.d. unnið með Háskóla Íslands í verðlaunapáttaröðinni **Fjársjóður framtíðar** sem helguð var rannsóknum við skólann.

Góðir gestir. Hér á eftir verður einnig sýnd stuttmyndin **After Ice** eftir þá Kieran Baxter, M. Jackson og Þorvarð en hún hefur farið sigurför um heiminn undanfarið.

Takk innilega öll fyrir að njóta þessara verka með okkur hér í dag en þau tengja saman kvikmyndalistina og vísindin í þágu viðfangsefnis sem á erindi við okkur öll.

Góða skemmtun.